



410. Stjórnarfundur haldinn 4. mars. 2013 kl:17:30

Mættir:

Einar Haraldsson (EH), Kári Gunnlaugsson (KG), Þórður Magni Kjartansson (PMK), Sigurvin Guðfinnsson (SG) Birgir Ingibergsson (BI), Sveinn Adólfsson (SA), Bjarney S. Snævarsdóttir (BS) og Guðjón Axelsson (GA).

1. Fundagerð síðasta fundar.

Farið yfir og samþykkt.

2. Innkominn bréf.

Bréf frá UMFÍ / boðun á Vorfund sem haldinn verður á Húsavík 11. maí. *EH hefur ekki tök á því að mæta á fundinn og óskaði eftir að einhver stjórnarmaður gæfi sig fram til að mæta. Frestað til næsta fundar.*

Tölvupóstur frá UMFÍ v/framlengingar á umsóknarfresti í fræðslu- og verkefnasjóð. *Framkvæmdastjóra falið að sækja um tvo styrki annars vegar fyrir félagsheimilið og hins vegar fyrir námskeiðshald.*

Skinfaxi

3. Send bréf.

Tölvupóstur á ÍSÍ og BLÍ vegna stofnunar blakdeildar.

4. Stofnfundur blakdeildar.

Stofnfundur blakdeildar var haldinn 26. mars kl. 20:00. EH og BS sátu fundinn af hálfu aðalstjórnar. Jasmina Cruae var kjörin formaður.

5. Formannafundur.

EH fór yfir það helsta sem kom fram á formannafundinum. Stjórn sammála að fundurinn hafi verið góður. Fundagerð fundarins lá fyrir.

6. Skipa fulltrúa aðalstjórnar í nefndir.

EH óskaði eftir tilnefningum í fjórar nefndir en þær eru: *Húsnefnd BI, Landsmótsnefnd UMFÍ BS, Unglingalandsmótsnefnd UMFÍ GA og Framtíðarnefnd en þeirri skipan er frestað til næsta fundar. Framkvæmdastjóra falið að hafa samband við Helga Hólm og athuga hvort hann sé tilbúinn að taka að sér 50+ nefndina.*

7. Önnur mál.

EH lagði fram tvö tilboð í borðfána annars vegar frá Bros og hins vegar frá Silkiprent. *Ákveðið að taka tilboði Silkiprents.*

PMK spyr um kvennaknattspyrnu og hugsanlega stofnun á nýju knattspyrnufélagi. EH sagði frá því að hann hefði mætt á fund sem haldin var í Fjölbrautarskóla Suðurnesja en hann hafði séð hann auglýstan á heimasíðu okkar. Ítarlegar umræður um kvennaknattspyrnuna í bæjarfélaginu.

Næsti fundur ákveðin 18. apríl kl. 17:30

Fleira ekki gert og fundi slitið kl.18:30

Fundinn ritaði SG

